

1. október 2015

Akureyrarbæ óskar að koma eftirfarandi athugasemd á framfæri við Alþingi:

Í frumvarpi til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum, er ferðamannastaður skilgreindur svo í 2. tl. 2. mgr. 2. gr.; Skilgreindur staður sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru hans og sögu.

Af skilgreiningunni er ekki ljóst hvað átt er við með hugtakinu ferðamannastaður. Það sama á við um ferðamannaleiðir. Þannig er ekki ljóst hvort að ferðamannastaðir innan þéttbýlis geti notið góðs af lagasetningunni. Þetta er grundvallaratriði, enda getur þröng skilgreining mismunað sveitarfélögum verulega.

Sem dæmi má taka að Akureyrarkaupstaður er landlítið sveitarfélag, en þar eru hins vegar margar menningarsögulegar minjar og sérstæð náttúra, bæði innan og utan þéttbýlismarka.

Það skal þó bent á að framkvæmdasjóður ferðamannastaða hefur veitt styrki til ferðamannastaða innan þéttbýlis, þótt styrkir hafi aðallega farið til dreifbýlisstaða. Ef ætlunin er að gera grundvallarbreytingu á því, þarf það að koma skýrt fram.

Með vísan til almennu jafnræðisreglunnar kann að vera að óþarfi sé að skýra þetta frekar, en það væri til bóta að geta þess, t.d. í athugasemdum við frumvarpið.

**Með kveðju,**

**Inga Þöll Þórgnýsdóttir**  
**bæjarlögmaður**